

# DR. GUÐBRANDUR VIGFÚSSON

1827 — 23. mars — 1927

Guðbrandur Vigfússon er mjög þess verður, að minnast hans. Var hann einn af gáfuðustu Íslendingum sinnar samtíðar, og eigi einungis málfræðingur mjög merkilegur, heldur einnig málsnillingur svo mikill, að fáir hafa á síðari tímum skrifað íslensku betur en hann, ef þeir eru þá nokkrir. — Hefði átt vel við, að gefa út, í minningu aldarafmælisins, hinrar snilldarlega rituðu ferðasögur hans frá Noregi og Pýskalandi, og ef til vil eitthvað fleira. — Málsnilld Guðbrands var ættararfur. Hafa í þeirri ætt verið hinir mestu málsnillingar, Hallgrímur Pétursson og Jónas Hallgrímsson, er báðir voru, eins og Guðbrandur í beinan karllegg komnir af Sveinbirni officialis Þórðarsyni, er flest átti börnin, og óhætt er að segja, að þarfur maður hafi verið sinni þjóð. — Hannes Hafstein getur þess í æfisögunni, að Jónas hafi verið kominn af systur Hallgríms Péturssonar, en meira voru þeir skyldir en það, eins og nú var sagt. Einnig hið ágætasta skáld íslenskt, um vora daga, var af þessari ætt, því að ef ég man rétt það, sem sagt hefir mér Páll Erlingsson, vinur minn, þá er Erlingur, móðurfaðir Erlings, föður þeirra Þorsteins, af Sveinbirni kominn í beinan karllegg.

Guðbrandur Vigfússon hafði allt, sem til þess þarf að ávinna sér heimsnafn sem vísindamaður og rithöfundur, nema það, að hann var Íslendingur. Og ekki stoðaði, þó að hann færi útlægur, bæði af Íslandi og Danmörku. Dvaldi hann á Englandi, eins og kunnugt er, og vann þar að vísu mikið verk og gott, en þó hvergi nærrí eftir því sem vit og snilld var til. Treysti hann hvorki sér né íslenskum fræðum eins og mátti, og er það nokkur vorkunn, því að gegn þungum straumi var að sækja og er, ef koma skal því til

leiðar, að norrænn og íslenskur andi sé í öndvegi og í fylkingarbrjóstinu, eins og þó þarf að verða, ef vel á að fara.

Dr. Guðbrandur átti í því sammerkt við marga aðra merka menn, innlenda og útlenda, að hann hélt að Íslendingar væru einungis fyrrverandi. — Stund þíns fegursta frama — lýsir sem leiftur um nótt — langt fram á horfinni öld, — segir Jónas, eins og kunnugt er. En þó fer því fjarri, að sú skoðun sé rétt, að einungis sé til fortíðarinnar að líta eftir íslenskri frægð og íslensku frægðarefni. — Og ekki mun þurfa nema 2—3 ættliði til þess að hér verði þeir menn og þær konur, er á alla grein atgervis komist til jafns við það, sem Íslendingar voru best, á öldum „hins fegursta frama.“ En á tíundi öldinni hygg ég, að hér hafi verið drengilegastir menn og vitrastir, og fríðastar konur. Hinir kristnu Íslendingar komust ekki alveg til jafns við hina heiðnu forfeður sína og formæður. Kenning miðaldakirkjunnar beindist mjög að því, að svívirða samfarir manns og konu, og eðlileg afleiðing af því var, að fólkis ófríkkaði. Þó veitti norrænn og íslenskur andi nokkurt viðnám, allt fram á síðari hluta 13. aldar; en nálægt aldamótunum 1300 var hinn illi sigur unninn, svo að varla virtist viðreisnar von, þó að vér vitum nú, að náð mun verða tilganginum með byggingu Íslands, og vinnast sá sigur, sem nauðsynlegur er Norðurlöndum og öllu mannkyni.

Mars 1927.